

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/20/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 328/05/COL frá 20. desember 2005 um fimmtugustu og þriðju breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli sem er tölusettur 18C: Ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu.	1
2007/EES/20/02		Almennir frídagar á árinu 2007: EFTA-ríkin sem eiga aðild að EES og EES-stofnanir	7
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/20/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4498 – HgCapital/Denton)	8
2007/EES/20/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4564 – Bridgestone/Bandag)	9
2007/EES/20/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4602 – Atlas Copco/Dynapac) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2007/EES/20/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4651 – Cinven/Camaïeu)	11
2007/EES/20/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4654 – IPR/Mitsui (UK Electricity generation business)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12

2007/EES/20/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4658 – Bridgepoint Capital/Wolters Kluwer Educational Division)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2007/EES/20/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4665 – The Apollo Group/Claire’s Stores) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2007/EES/20/10	Ríkisaðstoð – Pólland – Málsnúmer C 6/07 (áður N 558/06) – Aðstoð til hagræðingar í fyrirtækinu Techmatrans S.A. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	15
2007/EES/20/11	Tilkynning sem birt er í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1/2003 í máli COMP/B-1/37966 – Distrigaz.	15
2007/EES/20/12	Tilkynning stjórnvalda í Þýskalandi um afnám almannaþjónustukvaða sem gilt hafa í tengslum við áætunarflug á eftirtöldum leiðum: Erfurt–Berlín, Erfurt–Hamborg, Erfurt–Köln/Bonn, Saarbrücken–Frankfurt/Main, Rostock-Laage–Frankfurt/Main, Erfurt–Lundúnir	16
2007/EES/20/13	Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (Tilkynning um umsókn um sérleyfi til að leita að olíu og gasi sem fengið hefur nafnið „Permis des Moussières“)	16
2007/EES/20/14	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýsing eftir tillögum – EACEA 06/2007 – Stuðningur við útsendingar á evrópskum hljóð- og myndverkum í sjónvarpi	18
2007/EES/20/15	MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/10/07 – Fræðslustarf.	19
2007/EES/20/16	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/13/07 – Stuðningur við starfsemina „Pöntunarsjónvarp og dreifing stafræns kvikmyndaefnis“	20
2007/EES/20/17	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 381. fundi nefndarinnar hinn 11. október 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.38.238/B.2 – Óunnið tóbak, Spánn.	21
2007/EES/20/18	Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun sem samþykkt var á 382. fundi nefndarinnar hinn 18. október 2004 og varðar drög að ákvörðun í máli COMP/C.38.238/B.2 – Óunnið tóbak, Spánn	21
2007/EES/20/19	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/C.38.238/B.2 – Óunnið tóbak, Spánn	21

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/20/01

nr. 328/05/COL

frá 20. desember 2005

um fimmtugustu og þriðju breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldur er inn nýr kafli sem er tölusettur 18C: Ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽¹⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽²⁾, einkum 24. gr. og b-lið 2. mgr. 5. gr. ásamt 1. gr. í I. hluta bókunar 3 og 18. og 19. gr. í II. hluta bókunar 3,

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða Eftirlitsstofnun EFTA álitur það nauðsynlegt.

Minnt er á málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar ⁽³⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 ⁽⁴⁾,

Hinn 13. júlí 2005 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna rammaákvæði sem hafa að geyma reglur um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu ⁽⁵⁾,

Sú orðsending varðar einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnunin hefur haft samráð við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Minnt er á að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-ríkin með bréfi um þetta efni sem dagsett var 19. október 2005.

⁽¹⁾ Nefnist hér „EES-samningurinn“.

⁽²⁾ Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

⁽³⁾ Nefnist hér „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

⁽⁴⁾ Reglurnar birtust upprunalega í Stjórnartíðindum EB L 231, 3.9.1994, og í EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 32 sama dag. Þeim var síðast breytt með ákvörðun stjórnar eftirlitsstofnunarinnar nr. 313/05/COL frá 7. desember 2005 (Stjtið. ESB L 324, 23.11.2006, bls. 32, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 57, 23.11.2006, bls. 21).

⁽⁵⁾ Rammaákvæði bandalagsins um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu, Stjtið. ESB C 297, 29.11.2005, bls. 4.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Leiðbeiningum um ríkisaðstoð skal breytt með því að fella inn í þær nýjan kafla sem er tölusettur 18C og ber heitið Ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannatjónustu. Nýja kaflinn er að finna í I. viðauka við ákvörðun þessa. Lagðar eru til viðeigandi ráðstafanir samkvæmt I. viðauka við ákvörðun þessa.
2. EFTA-ríkjunum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari ásamt viðauka við hana. Því er beint til EFTA-ríkjanna að þau gefi til kynna samþykki sitt við tillögunni að viðeigandi ráðstöfunum innan mánaðar frá því að tillagan berst þeim í hendur.
3. Í samræmi við d-lið bókunar 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari ásamt I. viðauka.
4. Ákvörðun þessi skal birt, ásamt I. viðauka, í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.
5. Fallist EFTA-ríkin á tillöguna að viðeigandi ráðstöfunum skal auglýsing þess efnis birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau (sjá II. viðauka við ákvörðun þessa).
6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 20. desember 2005.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Einar M. Bull

Forseti

Kurt Jäger

Stjórnarmaður

VIÐAUKI

18C RÍKISAÐSTOÐ SEM ER FÓLGIN Í ENDURGJALDI FYRIR ALMANNAÞJÓNUSTU (1)

18C.1 Tilgangur og gildissvið

- 1) Ráða má af dómafrankvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna (2) að endurgjald fyrir almannaðjónustu telst ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans ef tilteknum skilyrðum er fullnægt. Endurgjald fyrir almannaðjónustu telst aftur á móti ríkisaðstoð ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt og ef uppfylltar eru almennar forsendur fyrir beitingu 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að þessi dómafrankvæmd varði ekki síður ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð sem er fölgín í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu til tiltekinna fyrirtækja sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu (3) kemur fram með hvaða skilyrðum tilteknar tegundir endurgjalds fyrir almannaðjónustu geta talist ríkisaðstoð sem samrýmist 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans, og er tekið fram að endurgjald, sem fullnægir þeim skilyrðum, sé undanþegið ákvæðum um fyrirframtilkynningu. Þessi ákvörðun hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn enn sem komið er (4). Áfram verður skylt að tilkynna fyrirfram endurgjald fyrir almannaðjónustu sem felur í sér ríkisaðstoð en fellur ekki undir ákvæði ákvörðunar 2005/842/EB, einnig eftir að sú ákvörðun hefur verið felld inn í samninginn. Tilgangur þessara leiðbeininga er að gera grein fyrir því með hvaða skilyrðum ríkisaðstoð af þessu tagi getur talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins á grundvelli 2. mgr. 59. gr. samningsins.
- 3) Leiðbeiningarnar gilda um endurgjald fyrir almannaðjónustu sem rennur til fyrirtækja í tengslum við starfsemi sem fellur undir reglur EES-samningsins, aðra en flutningastarfsemi og almannaðjónustuútvarp, en um hið síðarnefnda er fjallað í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart almannaðjónustuútvarki (5).
- 4) Ákvæði þessara leiðbeininga eru með fyrirvara um strangari sérákvæði um almannaðjónustukvaðir sem lúta að einstökum atvinnugreinum í reglum EES-samningsins og ráðstöfunum samkvæmt honum.
- 5) Leiðbeiningarnar eru með fyrirvara um gildandi ákvæði á sviði opinberra innkaupa og samkeppnismála (einkum 53. og 54. gr. EES-samningsins).

18C.2 Skilyrði sem ráða því hvort endurgjald fyrir almannaðjónustu, sem felur í sér ríkisaðstoð, telst samrýmanlegt gildandi reglum

18C.2.1 Almenn ákvæði

- 6) Í dómi sínum í *Altmark*-málinu (6) lýsti Dómstóll Evrópubandalaganna þannig skilyrðunum sem fullnægja þarf til að endurgjald fyrir almannaðjónustu teljist ekki ríkisaðstoð:
„[...] Í fyrsta lagi verða að hvíla eiginlegar almannaðjónustukvaðir á fyrirtækinu sem þiggur endurgjaldið, og þær kvaðir verða að vera skýrt skilgreindar [...].
[...] Í öðru lagi verður að skilgreina fyrirfram og á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins til þess að fyrirtækið, sem þiggur það, njóti ekki fjárhagslegs hagræðis umfram keppinauta. [...] Ef aðildarríki greiðir fyrirtæki bætur fyrir fjárhagslegt tap án þess að skilgreina fyrirfram forsendurnar sem ráða útreikningi slíkra greiðslna, í þeim tilvikum þegar síðar kemur í ljós að rekstur tiltekinna þjónustu samkvæmt almannaðjónustukvöðum hafi verið óhagkvæmur, telst slíkt því fjárhagsleg ráðstöfun sem fellur undir hugtakið ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. sáttmálans.
[...] Í þriðja lagi má endurgjaldið ekki vera umfram það sem þarf til að mæta, að fullu eða að hluta, útgjöldum sem fylgja því að fullnægja almannaðjónustukvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar [...].
[...] Í fjórða lagi, og sé fyrirtækið, sem falið er að inna af hendi almannaðjónustukvaðir í tilteknu tilviki, ekki valið samkvæmt reglum um opinber innkaup með það að markmiði að velja bjóðanda sem sinnir getur þjónustunni með minnstum kostnaði fyrir samfélagið, skal ákveða hversu hátt endurgjaldið þarf að vera á grundvelli greiningar sem sýnir hvaða kostnað dæmigert fyrirtæki, sem er vel rekið og nægilega vel búið flutningataekjum til að geta sinnt almannaðjónustunni vel, hefði haft af því að fullnægja kvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar af því að inna kvaðirnar af hendi.“

(1) Þessi kafli samsvarar rammaákvæðum bandalagsins um ríkisaðstoð sem er fölgín í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu, Stjtið. ESB C 297, 29.11.2005, bls. 4.

(2) Dómar í máli C-280/00, *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg gegn Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, [2003] ECR I-7747 og sameinuðum málum C-34/01 til C-38/01 *Enirisorse SpA* [2003] ECR I-14243.

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð sem er fölgín í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu og rennur til tiltekinna fyrirtækja sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67.

(4) Meðan ákvörðunin hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn falla því þessar tegundir endurgjalds fyrir almannaðjónustu undir almenn ákvæði um tilkynningaskyldu í samræmi við 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 2. gr. í II. hluta sömu bókanar.

(5) Kafli 24C í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð.

(6) Sjá 2. nmgr. hér á undan.

- 7) Sé þessum fjórum skilyrðum fullnægt telst endurgjald fyrir almannaþjónustu ekki ríkisaðstoð og þá eiga ekki við ákvæði 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. í I. hluta bókkunar 3 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (er nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“). Ef EFTA-ríkin virða ekki þessi skilyrði og séu almennar forsendur fyrir beitingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins uppfylltar telst endurgjald fyrir almannaþjónustu ríkisaðstoð.
- 8) Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að á því stigi, sem EES-samningurinn er nú, megi lýsa slíka ríkisaðstoð samrýmanlega EES-samningnum á grundvelli 2. mgr. 59. gr. samningsins ef hún er nauðsynleg til að veita megi þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og ef hún hefur ekki áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðila. Fullnægja ber eftirtöldum skilyrðum til þess að slíkt jafnvægi náist.

18C.2.2 Raunveruleg þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 59. gr. EES-samningsins

- 9) Ráða má af dómafrákvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna að í öðrum atvinnugreinum en þeim, sem falla undir sérreglur í EES-samningnum, hafa EFTA-ríkin veruleg matsvik þegar kemur að því hvaða þjónustu beri að telja til þjónustu sem hafi almenna efnahagslega þýðingu. Það er því hlutverk eftirlitsstofnunarinnar að sjá til þess að þessi matsvik séu nýtt án þess að augljós mistök eigi sér stað við skilgreiningu á þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.
- 10) Í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins kemur fram að fyrirtæki ⁽⁷⁾, sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, eru þau fyrirtæki sem hafa með höndum „sérstök verkefni“. Því er beint til EFTA-ríkjanna að leita álits sem flestra, og þá einkum notenda, þegar almannaþjónustukvaðir eru skilgreindar og metið hvort hlutaðeigandi fyrirtæki hafi fullnægt kvöðunum.

18C.2.3 Þörfin á sérstökum ákvæðum um almannaþjónustukvaðir og aðferðir til útreiknings á endurgjaldi

- 11) Hugtakið þjónusta sem hefur almenna efnahagslega þýðingu merkir samkvæmt 59. gr. EES-samningsins að ríkisvaldið hafi falið hlutaðeigandi fyrirtækjum að inna af hendi sérstakt verkefni ⁽⁸⁾. Það er áfram í höndum stjórnvalda að ákveða á hvaða forsendum og samkvæmt hvaða skilyrðum skuli inna þjónustuna af hendi – nema í þeim atvinnugreinum sem falla undir EES-reglur um slíkt – óháð lögformlegri stöðu þjónustuveitandans og óháð því hvort þjónustan er veitt í frjálsum samkeppnisumhverfi. Þannig er nauðsynlegt að fyrir liggja úthlutun almannaþjónustuverkefnis til þess að unnt sé að skilgreina skyldur fyrirtækjanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Hugtakið „ríkisvald“ tekur til stjórnvalda á landsvísi, héraðsstjórna og sveitarstjórna.
- 12) Þegar fyrirtæki er falið að sinna þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu verður það að gerast á grundvelli einnar eða fleiri stjórnvaldsathafna, en hverju EFTA-ríki er í sjálfsvald sett að ákveða form slíkrar afhafnar. Í slíkri athöfn verður einkum að tilgreina eftirtalin atriði:
- Í hverju almannaþjónustukvaðirnar eru fölgjar nákvæmlega og hversu lengi þær gilda
 - Hvaða fyrirtæki og landsvæði koma við sögu
 - Eðli einkaréttar eða sérstakra réttinda sem framselt er fyrirtækinu, ef um slíkt er að ræða
 - Við hvaða forsendur er stuðst við útreikning, yfirferð og endurskoðun endurgjaldsins
 - Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að forðast ofgreiðslur og tryggja að ofgreitt endurgjald sé endurgreitt
- 13) Því er beint til EFTA-ríkjanna að leita álits sem flestra, og þá einkum notenda, þegar almannaþjónustukvaðir eru skilgreindar og metið hvort hlutaðeigandi fyrirtæki hafi fullnægt kvöðunum.

18C.2.4 Fjárhæð endurgjaldsins

- 14) **Fjárhæð endurgjaldsins** má ekki vera umfram það sem þarf til að mæta útgjöldum sem fylgja því að fullnægja almannaþjónustukvöðunum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar af því að inna kvaðirnar af hendi. Inn í þessa fjárhæð skal reikna hvers kyns ávinning sem fyrirtækið nýtur fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins eða veittur er af ríkisfjármunum í hvaða mynd sem vera skal. Til eðlilegs hagnaðar má telja, að öllu leyti eða að hluta til, framleiðniaukningu sem hlutaðeigandi fyrirtæki geta náð fram á umsömdum og afmörkuðum tíma án þess að það komi niður á þjónustunni sem ríkisvaldið felur þeim að sinna.

⁽⁷⁾ Hugtakið „fyrirtæki“ merkir hverja þá efnahagseiningu sem fæst við atvinnustarfsemi, óháð lögformlegri stöðu þeirrar einingar og hvornig hún er fjármögnuð. Hugtakið „opinbert fyrirtæki“ merkir hvert það fyrirtæki sem stjórnvöld geta haft ráðandi áhrif á, beint eða óbeint, í krafti eignarhalds, eignarhlutar eða þeirra reglna sem gilda um fyrirtækið, sbr. skilgreininguna í b-lið 1. mgr. 2. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XV. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja (Stjtið. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35, breyttist síðast með tilskipun 2000/52/EB, Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75, felld inn í XV. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2001, Stjtið. EB L 66, 8.3.2001, bls. 48, og EES-viðbætur nr. 12, 8.3.2001, bls. 6, gildistökudagur 1.6.2002).

⁽⁸⁾ Sjá einkum dóm í máli C-127/73 *BRT* gegn *SABAM* [1974] ECR-313.

- 15) Hvað sem öðru líður verður fyrirtækið að nota endurgjaldið í raun og veru til að inna af hendi umrædda þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Ef endurgjald fyrir almannaþjónustu er greitt út vegna þjónustu sem hefur almennt efnahagslegt gildi en notað í raun til rekstrar á öðrum mörkuðum er það óréttlætlegt sem slíkt og telst því óleyfileg ríkisaðstoð. Fyrirtæki, sem þiggur endurgjald fyrir almannaþjónustu, má hins vegar hafa eðlilegan hagnað af starfsemi.
- 16) Til **útgjalda sem taka skal til greina** teljast öll útgjöld sem leiðir af rekstri þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Stundi fyrirtækið ekki aðra starfsemi en þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu er heimilt að taka öll útgjöld þess til greina. Ef fyrirtækið rekur aðra starfsemi en þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu er aðeins heimilt að taka til greina útgjöld sem tengjast þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Til útgjalda vegna þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu má telja allan breytilegan kostnað sem fylgir því að veita þjónustuna, hæfilegan hluta af föstum sameiginlegum kostnaði sem fellur til bæði vegna þjónustunnar, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, og annarrar starfsemi og eðlilega ávöxtun eiginfjár sem lagt hefur verið til þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu⁽⁹⁾. Kostnað vegna fjárfestinga, einkum í grunnvirkjum, má taka til greina ef slíkar fjárfestingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að inna af hendi þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Útgjöld vegna annarrar starfsemi en þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu verða að ná til alls breytilegs kostnaðar, hæfilegs hlutfalls af föstum sameiginlegum kostnaði og eðlilegrar ávöxtunar eiginfjár. Óheimilt er með öllu að tengja þessi útgjöld þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Útgjöldin ber að reikna samkvæmt ofangreindum viðmiðum og á grundvelli almennt viðurkenndra bókhaldsreglna og skal gefa eftirlitsstofnuninni upplýsingar um þær reglur í tengslum við tilkynninguna sem lögð er fram í samræmi við ákvæði 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
- 17) Til **tekna sem taka skal til greina** teljast að minnsta kosti allar tekjur af þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Ef fyrirtækið er handhafi einkaréttar eða sérstakra réttinda sem tengjast þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og gefur af sér hagnað umfram eðlilegan hagnað, eða nýtur annars ávinnings fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, ber að taka slíkt til greina sem tekjur, óháð því hvernig slíkt hagræði er flokkað með tilliti til ákvæða 61. gr. EES-samningsins. EFTA-rikinu er einnig heimilt að ákveða að hagnaður af annarri starfsemi en þjónustunni, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, skuli að öllu leyti eða að hluta teljast til fjármögnunar þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.
- 18) Með „**eðlilegum hagnaði**“ er átt við ávöxtun eiginfjár sem miðast við þá áhættu, eða það áhættuleysi, sem fyrirtækið býr við vegna afskipta EFTA-ríkisins, einkum ef slíki afskipti eru fölgin í úthlutun einkaréttar eða sérstakra réttinda. Þessi ávöxtun má að jafnaði ekki vera hærri en sem nemur meðalávöxtun eiginfjár í viðkomandi atvinnugrein næstu ár á undan. Ef svo háttar til að ekkert fyrirtæki í greininni er sambærilegt fyrirtækinu sem falið hefur verið að inna af hendi þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu er heimilt að byggja á samamburði við fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum, eða í öðrum atvinnugreinum ef þörf gerist, að því tilskildu að horft sé til séreinkenna hverrar atvinnugreinar. Við ákvörðun á því hvað telst eðlilegur hagnaður er EFTA-rikinu heimilt að nota viðmið sem hafa hvetjandi áhrif, og geta meðal annars lotið að gæðum þjónustunnar og aukinni framleiðni.
- 19) Ef fyrirtæki stundar starfsemi sem ýmist telst til þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu eða ekki ber að sýna sérstaklega í eigin reikningum fyrirtækisins kostnað og tekjur af þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og kostnað og tekjur af annarri þjónustu, ásamt forsendum skiptingarinnar. Ef fyrirtæki er falið að annast fleiri en eina úthlutun þjónustuverkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, annaðhvort vegna þess að mismunandi stjórnvöld hafa með höndum úthlutun þjónustuverkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu eða vegna þess að eðli þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu er mismunandi, skal gengið þannig frá eigin reikningum fyrirtækisins að unnt sé að ganga úr skugga um það fyrir hverja einstaka þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu að endurgjald sé ekki ofgreitt. Þessar meginreglur gilda með fyrirvara um ákvæði gerðarinnar sem um getur í 1. lið XV. viðauka við EES-samninginn (tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, með áorðnum breytingum) í þeim tilvikum sem sú gerð tekur til.

18C.3 Ofgreitt endurgjald

- 20) Til þess að tryggja að endurgjald sé ekki ofgreitt ber EFTA-rikjunum að athuga greiðslurnar reglulega eða sjá til þess að slíkar athuganir fari fram. Með því að ofgreitt endurgjald er ekki nauðsynlegt til þess að unnt sé að reka þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu telst það óleyfileg ríkisaðstoð sem skylt er að endurgreiða til ríkisins, og ber þá vegna síðari útreikninga á endurgjaldinu að endurnýja forsendurnar sem notast er við.
- 21) Ef ofgreitt endurgjald nemur ekki meira en 10% af árlegu endurgjaldi er heimilt að flytja þá fjárhæð milli ára. Sumum tegundum þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu getur fylgt kostnaður sem breytist verulega frá ári til árs, einkum þegar um ræðir sérstakar fjárfestingar. Þegar þannig stendur á getur í undantekningartilvikum reynst nauðsynlegt að ofgreiða endurgjaldið um meira en 10% í einstökum árum til að standa undir rekstri þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu. Þegar upp koma sérstakar aðstæður, sem réttlætt geta að endurgjald sé ofgreitt um meira en 10%, skal skýra það með tilkynningu sem send er eftirlitsstofnuninni. Engu að síður ber að endurmeta stöðu mála með reglulegu millibili í samræmi við ástand í hverri atvinnugrein, þó ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Allt endurgjald, sem reynist ofgreitt við lok þess tímabils, skal endurgreitt.

⁽⁹⁾ Sjá sameinuð mál C-83/01P, C-93/01P og C-94/01P *Chronopost SA* [2003] ECR I-6993.

- 22) Heimilt er að nýta ofgreitt endurgjald til að standa undir annarri þjónustu sem rekin er á vegum sama fyrirtækis og hefur almenna efnahagslega þýðingu, en slíkur tilflutningur verður að koma fram í reikningum fyrirtækisins og fara fram í samræmi við reglurnar sem settar eru í þessum leiðbeiningum, einkum að því er varðar fyrirframtilkynningar. EFTA-ríkin skulu tryggja að nægilegt eftirlit sé með slíkum tilflutningi. Beita skal reglum um gagnsæi sem mælt er fyrir um í gerðinni sem um getur í 1. lið XV. viðauka við EES-samninginn (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE, með áorðnum breytingum).
- 23) Óheimilt er að láta fyrirtæki eftir ofgreitt endurgjald með þeim rökum að það geti talist aðstoð sem sé heimil samkvæmt EES-samningnum (t.d. aðstoð vegna umhverfisverndar, aðstoð til eflingar atvinnu eða aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja). Kjósi EFTA-ríki að veita slíka aðstoð ber að tilkynna það fyrirfram í samræmi við 3. mgr. 1. gr. í I. hluta 3. bókarar við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Óheimilt er að greiða út aðstoð nema að fengnu samþykki eftirlitsstofnunarinnar. Ef slík aðstoð er veitt í samræmi við reglugerð um hópundanþágu ber að fullnægja skilyrðum í viðkomandi reglugerð.

18C.4 Skilyrði og kvaðir sem fylgja ákvörðunum eftirlitsstofnunarinnar

- 24) Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 7. gr. í II. hluta bókarar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽¹⁰⁾ er eftirlitsstofnun EFTA heimilt að binda jákvæða ákvörðun skilyrðum sem uppfylla þarf til að aðstoð geti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins og hún getur mælt fyrir um kvaðir til þess að unnt sé að fylgjast með því að ákvörðuninni sé hlítt. Þegar um ræðir þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu getur reynst nauðsynlegt að kveða á um skilyrði og kvaðir sem miðast einkum að því að tryggja að aðstoð við hlutaðeigandi fyrirtæki leiði ekki til ofgreiðslna. Í þessu tilliti getur reynst þörf á reglulegri skýrslugjöf eða öðrum kvöðum með hliðsjón af sérstökum aðstæðum sem tengjast hverri tegund þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

18C.5 Beiting leiðbeininganna

- 25) Þessar leiðbeiningar gilda frá deginum sem eftirlitsstofnunin samþykkir þær. Þær falla úr gildi sex árum eftir gildistöku. Eftirlitsstofnuninni er heimilt að breyta leiðbeiningunum áður en þær falla úr gildi, að höfðu samráði við EFTA-ríkin, með hliðsjón af sérstökum ástæðum sem varða breytingar á framkvæmd EES-samningsins. Eftirlitsstofnunin mun meta áhrifin af þessum leiðbeiningum þegar fjögur ár eru liðin frá gildistöku þeirra, að teknu tilliti til staðreynda og niðurstaðna víðtæks samráðs á vegum stofnunarinnar, einkum samkvæmt gögnum frá EFTA-rikkjunum. Niðurstöðurnar verða kynntar EFTA-rikkjunum.
- 26) Eftirlitsstofnunin mun beita ákvæðum þessara leiðbeininga í tengslum við allar tilkynningar sem henni berast um áformaða aðstoð og taka ákvörðun um slík áform eftir að leiðbeiningar eru samþykktar, jafnvel þótt tilkynningarnar hafi borist fyrir þann tíma. Að því er varðar aðstoð, sem engin tilkynning berst um, mun eftirlitsstofnunin beita
- ákvæðum þessara leiðbeiningar sé aðstoðin veitt eftir að þær eru samþykktar,
 - en í öllum öðrum tilvikum ákvæðunum sem voru í gildi þegar aðstoðin var veitt.

18C.6 Viðeigandi ráðstafanir

- 27) Tillögur eftirlitsstofnunarinnar um viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 1. mgr. 1. gr. í I. hluta bókarar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól eru að EFTA-ríkin breyti gildandi reglum um endurgjald fyrir almannaþjónustu í samræmi við þessar leiðbeiningar innan 18 mánaða frá því að ákvörðunin er tilkynnt EFTA-rikkjunum. Því er beint til EFTA-rikkjanna að þau sendi eftirlitsstofnuninni staðfestingu á samþykki sínu við tillögunni um viðeigandi ráðstafanir innan mánaðar frá því að þeim berst tilkynning um ákvörðunina. Berist ekki svar mun eftirlitsstofnunin líta svo á að hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi ekki samþykkt tillöguna.

⁽¹⁰⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins nr. 659/1999 frá 22. mars 1999 um itarlegar reglur um beitingu 88. gr. EB-sáttmálans.

2007/EES/20/02

**Almennir frídagar á árinu 2007: EFTA-ríkin sem eiga aðild að
EES og EES-stofnanir**

	Ísland	Liechtenstein	Noregur	Eftirlitsstofnun EFTA	EFTA-dómstóllinn
1. janúar	×	×	×	×	×
2. janúar		×			
6. janúar		×			
2. febrúar		×			
20. febrúar		×			
19. mars		×			
5. apríl	×		×		
6. apríl	×	×	×	×	
9. apríl	×	×	×	×	×
19. apríl	×				
1. maí	×	×	×	×	×
17. maí	×	×	×	×	×
18. maí				×	
28. maí	×	×	×	×	×
7. júní		×			
17. júní	×				
23. júní					×
6. ágúst	×				
15. ágúst		×			×
8. september		×			
1. nóvember		×		×	×
8. desember		×			
24. desember		×			
25. desember	×	×	×	×	×
26. desember	×	×	×	×	×
31. desember		×			

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/20/03

(Mál COMP/M.4498 – HgCapital/Denton)

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. apríl 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið HgCapital Investments Managers Ltd („HgCapital“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í bandarísku fyrirtækjunum Denton ATD, Inc og Robert Denton, Inc og þýska fyrirtækinu Denton COE GmbH (einu nafni „Denton“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
